

From: [Oddný Guðríður Pálmadóttir](#)
To: [Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is; Grímsnes- og Grafningshreppur; hruni@fludir.is; mottaka@hveragerdi.is; myrdalshreppur@vik.is; ry@ry.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; klaustur@klaustur.is; Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is; Grímsnes- og Grafningshreppur; hruni@fludir.is; mottaka@hveragerdi.is; myrdalshreppur@vik.is; ry@ry.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; klaustur@klaustur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is; Ráðhúspóstur DL; postur@vestmannaeyjar.is; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is; Ráðhúspóstur DL; postur@vestmannaeyjar.is](#)
Subject: Til þess er málið varðar - Ályktun um kjaraviðræður
Date: miðvikudagur, 13. nóvember 2024 13:57:47
Attachments: [Ályktun-um-kjaradeilu.pdf](#)
[Bréf-með-ályktun-v.kjaradeilu.pdf](#)

Góðan dag.

Meðfylgjandi er ályktun frá stjórn 8.svæðadeild Félags Leikskólakennara um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Átta ár eru síðan gert var samkomulag milli opinberra launagreiðenda og bandalaga stéttarfélaga um breytingar á skipan lífeyrismála. Samkomulagið kveður einnig á um jöfnun launa milli markaða. Ári síðar höfðu lífeyrisréttindi launþega á almennum og opinberum markaði verið jöfnuð.

Kennarar krefjast sambærilegra launa og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar á atvinnumarkaði. Ómálefnalegur launamunur milli markaða hefur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt skólakerfi. Það sárvantar kennara og það er því löngu orðið tímabært að jafna launin og fjárfesta þannig í skólakerfinu og framtíðinni um leið.

8. svæðadeild Félags leikskólakennara tekur eindregið undir áhyggjur foreldra og nemenda af stöðu mála og hvetja viðsemjendur til að ljúka vinnunni sem fyrst. Stjórn 8.svæðadeildar skorar því á sveitarstjórnir að styðja við bak starfsfólks síns og beita sér fyrir því að samið verði við kennara, fyrir þá sjálfa, skólana og ekki síst nemendur skólanna.

Við óskum eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis og að erindið verði tekið fyrir hjá sveitarstjórn.

F.h. leikskólakennara á Suðurlandi,

Oddný Guðríður Pálmadóttir, formaður 8. svæðadeildar Félags leikskólakennara
Elva Hrönn Alfreðsdóttir, gjaldkeri
Árný Rún Guðnadóttir, ritari

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.